

L Ö G

93

30. nóv.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt
með viðauka árið 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1962 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. nóvember 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

AUGLÝSING

94

5. okt.

um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskiptasamnings Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tíð. A. 40/1950) var undirritað í Reykjavík 29. september 1961 samkomulag um viðskipti Íslands og Póllands á tímabilinu frá 1. október 1961 til 30. september 1962.

Samkvæmt íslenskri vörulistanum, sem samkomulaginu fylgir, er gert ráð fyrir eftirfarandi útflutningi til Póllands: Fryst sild 2500 smál., saltsild 2000 smál., fiskimjöl 3500 smál., saltaðar gærur 250 smál., meðalalýsi 800 smál., iðnaðarlýsi 600 smál., kindagarnir 200000 stk. og frystum fiskflökum, eins og um kann að semjast.

Á pólska vörulistanum eru stærstu vöruflokkarnir eins og áður: Kol, járn- og stálvörur, trjávörur, vélar og verkfæri, vefnaðarvörur, sykur, ávextir, kartöflur og aðrar matvörur, auk skófatnaðar, gips, leirvara, búsáhalda o. fl.

Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu fyrir 30. september 1962, framlengist það sjálfkrafa óbreytt um eitt ár.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, 5. október 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

A 39